

5.OKTÓBER
2023

HARPA
ELDBORG

Anna og Elgar

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Forleikur: 13'

Konsert: 30'

Sinfónía: 41'

Tónleikarnir verða í beinni útsendingu á Rás 1 og verða einnig sendir út síðar
í aðaltónleikaröð EBU, Euroradio Premium Concert Series.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Anna og Elgar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 5. OKTÓBER KL 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Kian Soltani
einleikari

Richard Wagner

Forleikur að fyrsta þætti Parsifal (1878/1882)

Edward Elgar

Sellókonsert í e-moll, op. 85 (1919)

Adagio – Moderato

Lento – Allegro molto

Adagio

Allegro – Moderato – Allegro, ma non troppo –

Poco più lento – Adagio

Hlé

Anna Þorvaldsdóttir

AIÖN (2018)

Morphosis

Transcension

Entropia

For information in English about tonight 's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómveitarstjórinn Eva Ollikainen er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómveitar Íslands. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og hún stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 snéri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómveitum svo sem Fílharmónúsveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden, Sinfóníuhljómveitinni í Baltimore og Fílharmónúsveit Los Angeles. Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna, Óperuna í Gautaborg og Semperoper í Dresden. Hún þreytti frumraun sína á PROMS – tónlistarhátíð Breska útvarpsins í ágúst í fyrra, þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur ARCHORA. Flutningurinn hlaut afar góða dóma og var í árslok nefndur einn af hápunktum tónlistarársins í breska blaðinu *The Guardian*. ARCHORA mun heyrast á tónleikum Sinfóníuhljómveitar Íslands í Hallgrímskirkju annað kvöld og Ollikainen mun stjórna verkinu oftar í vetur, meðal annars hjá Sænsku útvarps-hljómveitinni, Fílharmónúsveit Breska útvarpsins (BBC) og Sinfóníuhljómveitinni í Árósum. Í vor sem leið komu verkin ARCHORA og AIÖN út hjá Sono Luminus útgáfunni í flutningi Sinfóníuhljómveitar Íslands undir stjórn Evu Ollikainen og hefur platan hlotið góðar viðtökur.

Ollikainen er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómveitarstjóra-akademíu Sinfóníuhljómveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómveitinni.



Kian Soltani

EINLEIKARI

Austurríkismaðurinn Kian Soltani hefur að undanfögnu skapað sér nafn sem einn eftirsóttasti sellóleikari sinnar kynslóðar. Flutningur hans einkennist af djúpri, persónulegri tjáningu og afburða tækni – tónlistartímaritið *Gramophone* kallaði leik hans „hreina fullkomnun“ – en Soltani þykir einnig ná einstökum tengslum við áhorfendur. Hann er fæddur í Bregenz árið 1992 af persnesku foreldri og hóf að leika á selló fjögurra ára gamall. Hann innritaðist í Tónlistarakademiuna í Basel aðeins 12 ára gamall og nam síðar við Kronberg-akademiuna í Þýskalandi og Alþjóðlegu tónlistarakademiuna í Liechtenstein. Soltani vakti fyrst heimsathygli þegar hann vann fyrstu verðlaun í Pauló-sellókeppninni í Helsinki árið 2013.

Kian Soltani kemur reglulega fram með helstu hljómsveitum og hljómsveitarstjórum heims; á þessu starfsári mun hann meðal annars leika með Tonhalle-hljómsveitinni í Zürich, Sinfóníuhljómsveit Vínarborgar, Konzerthaus-orchester í Berlín og útvarpshljómsveitunum í Köln og Hamborg. Í næsta mánuði tekur hann jafnframt við prófessorsstöðu við Tónlistarháskólann í Vínarborg.

Soltani hljóðritar fyrir Deutsche Grammophon. Fyrsta plata hans, *Home*, kom út árið 2018 og hefur að geyma verk fyrir selló og píanó eftir Schumann og Schubert auk persneskra þjóðlaga. Hann hefur átt í gjöfulu samstarfi við Daniel Barenboim og meðal annars hljóðritað sellókonsert Dvořáks með Ríkishljómsveitinni í Berlín (Staatskapelle Berlin) undir hans stjórn. Á nýjustu plötu sinni leikur Soltani kvikmyndatónlist og segir um hana: „Öll tónlistin sem heyrst á þessari plötu er framkölluð af sellóinu mínu og leikin af mér eingöngu. Möguleikar hljóðfærisins eru óendanlegir og þessi plata er hylling til þess og til töfra kvikmyndatónlistarinnar.“ Soltani leikur á Stradivarius-selló („The London, ex Boccherini“) sem hann hefur að láni frá velgjörðamanni í gegnum Beares International Violin Society.



Richard Wagner


FORLEIKUR AÐ PARSIFAL

Parsifal var síðasta verkið sem Richard Wagner (1813–1883) auðnaðist að ljúka. Hann kallaði það *Bühnenweihfestspiel* (hátíðarvígsluleik) því það var samið til flutnings í hinu nýja leikhúsi sem hann hafði látið reisa í Bayreuth. Verkið var frumsýnt árið 1882, á annarri hátíðinni sem haldin var í leikhúsinu. Rætur þess liggja þó mun lengra aftur. Wagner var farinn að hugleiða efnivið þess um það leyti sem hann samdi *Lohengrin* meira en 30 árum fyrr og fyrstu skissur að verkinu urðu til í Zürich árið 1857. Það var þó ekki fyrr en fyrsta hátíðin í Bayreuth 1876 var um garð gengin með frumflutningi *Niflungahringsins* sem Wagner tók aftur til við *Parsifal*, að áeggjan Cosimu konu sinnar. Kveikjuna fann hann í sagnakvæði Wolframs von Eschenbach (d. um 1220) um Gralriddarann Parzival en Wagner skóp verki sínu alveg nýjan söguþráð sem hverfist um fórn og meðlíðan.

Forleikurinn var fyrst fluttur á jóladag 1878 í Wahnfried, heimili Wagner-fjölskyldunnar í Bayreuth, í tilefni afmælis Cosimu og tveimur árum síðar fékk velgjörðamaður Wagners, Lúðvík 2. konungur af Bæjaralandi, að heyra forleikinn í hirðleikhúsi sínu í München. Wagner leit á sjálfstæðan flutning forleikja verka sinna sem eins konar auglýsingu fyrir óperunnar í heild, því hann smíðaði þá þannig að þeir birtu helsta stefjaefni verkanna – væru hluti fyrir heild. Segja má að forleikurinn að fyrsta þætti *Parsifals* sé ýkt dæmi um þetta því grunnstefið sem hljómar í fyrstu sex tóktum hans ber í sér frum flestra þeirra stefja sem Wagner spinnur í verkinu. Hér er á ferð óhemju falleg og áhrifamikil hljóðfæratónlist sem stendur fyllilega fyrir sínu utan þeirrar heildar sem sviðsverkið er.

Tónlistin á Íslandi

Þriðji þáttur *Parsifal* var fluttur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói í nóvember 2006 undir stjórn Johannesar Fritzscher og var það frumflutningur á Íslandi. Einsöngvarar voru Wolfgang Schöne, Kolbeinn Ketilsson og Kristinn Sigmundsson. Atriði úr þættinum hljómaði aftur í flutningi Bjarna Thors Kristinsonar á Wagner-tónleikum SÍ í Eldborg árið 2013 og þá lék hljómsveitin einnig forleikinn að fyrsta þætti óperunnar.



Edward Elgar

SELLÓKONSERT Í E-MOLL, OP. 85

Líkt og *Parsifal* varð svanasöngur Wagners, er selló-konsertinn op. 85 síðasta stóra verkið sem Edward Elgar (1857–1934) samdi enda þótt hann ætti þá enn 15 ár ólífuð. Konsertinn varð til árið 1919, í kjölfar hildarleiks heimsstyrjaldarinnar fyrri og yfirbragð verksins er tregafullt, hlaðið eftirsjá. Þegar þarna var komið sögu áttu tónsmíðar Elgars ekki lengur upp á pallborðið hjá tónleikagestum – þær þóttu gamaldags – og ekki bætti úr skák að frumflutningur verksins gekk illa vegna ónógs undirbúnings hljómsveitarinnar. Það var því býsna hljótt um konsertinn næstu áratugin, allt þar til rómuð túlkun enska sellósnillingsins Jacqueline du Pré lyfti honum í sviðsljósið. Du Pré hljóðritaði verkið með Sinfóníuhljómsveit Lundúna undir stjórn Johns Barbirolli árið 1965. Platan naut fágætra vinsælda og í kjölfarið varð konsertinn fastur liður á efnisskrám sinfóníuhljómsveita og meðal eftirlætis viðfangsefna sellóleikara.

Konsertinn hefst á þykkum hljómunum frá sellóinu – og minnir eilítið á einleikssvítur Bachs – en smám saman rís fyrri stef fyrsta þáttar í samspili einleikara og hljómsveitar og myndar hápunkt. Síðan er annað stef kynnt; það hefst í e-moll eins og hið fyrri en springur svo út í dúr með íburðarmeira hljómsveitarspili. Þessi fyrsti þáttur myndar einskonar samhverfu því dúrinn hverfist aftur í moll og að lokum snýr upphafsstefið aftur. Annan þátt leiðir beint af þeim fyrsta með því að einleikarinn plokkar upphafshljómana og kynnir svo nýja tónhugmynd sem eftir nokkur hikandi skref verður að fjörlegu scherzo. Síðan tekur við hinn undurfagri hægi þáttur, dreymandi sellósöngur þar sem hljómsveitin dregur sig að nokkru leyti í hlé og einungis strengir, klarinett, fagott og horn sjá um meðleikinn. Lokapátturinn hefst á hressilegu stafi í hljómsveitinni, nokkurs konar marsi, sem sellóið tekur við og kannar á sína vísu en rifjar einnig upp stefjaefni úr fyrri þáttum. Þannig er framgangur marsins ítrekað rofinn af eins konar minningum, eða eftirsjá, þar til að lokum einleikari og hljómsveit marsera saman til enda.

Tónlistin á Íslandi

Sellókonsert Elgars hljómaði fyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í flutningi Erlings Blöndals Bengtssonar árið 1973. Í fótspor hans hafa fylgt Ralph Kirshbaum (1988), Gary Hoffmann (1995), Julian Lloyd Webber (1998), Bryndís Halla Gylfadóttir (2006) og Andreas Brantelid (2019). Þar að auki hefur konsertinn oft verið viðfangsefni ungra sellista á lokatónleikum einleikarakeppni LHF og Sf: Guðný Jónasdóttir lék verkið árið 2006, Steiney Sigurðardóttir 2015, Ragnar Jónsson 2016 og Hjörtur Páll Eggertsson 2019. Ungsveit Sf flutti konsertinn árið 2013 og lék Sæunn Þorsteinsdóttir þá einleikshlutverkið sem hún hafði og gert árið áður með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.



Anna Þorvaldsdóttir

AIÖN

Anna Þorvaldsdóttir (f. 1977) hefur á undanförunum árum skipað sér í fremstu röð tónskálda á heimsvísu og margar helstu hljómsveitir heims hafa pantað hjá henni verk. AIÖN var pantað í sameiningu af Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar sem frumflutti það þar í borg ásamt Íslenska dansflokknum vorið 2019, með dansi eftir Ernu Ómarsdóttur. Eftir nokkrar tafir vegna heimsfaraldurs rataði verkið loks á fjalir Eldborgar haustið 2021 í flutningi SÍ og dansflokksins, eftirminnilegt þeim sem heyrðu og sáu dansarana fléttast saman við hljóðfærin og tónlistarfólkið á sviðinu. Í kvöld hljómar AIÖN á ný í Hörpu, í þetta sinn án dans, en það hefur einnig verið flutt í Bandaríkjunum og í Bretlandi, nú síðast í júní á hinni rómuðu Aldeburgh-hátíð í flutningi Sinfóníuhljómsveitar BBC undir stjórn Hannu Lintu. Anna lýsir tilurð verksins svona:

„Innblásturinn að AIÖN kviknaði út frá myndlíkingunni um að geta ferðast frjálst í tíma, að upplifa tímann líkt og rými sem er dvalið í fremur en ferð í ákveðna átt gegnum eina vídd. Í fyrstu gæti upplifunin einkennst af óreiðu þar sem tíminn er alls staðar í öllum víddum samtímis, svo að hvenær sem þig lystir geturðu gripið hvaða augnablik ævinnar sem er. Eftir því sem betri tókum er náð á rýminu má skynja að upplifunin verður ólík eftir því hvaða sjónarhorn er valið; það er hægt að sjá öll augnablik í einu, einblína á aðeins nokkur þeirra, eða bókstaflega fara og upplifa þau. Augnablikið færast þannig sífellt nær og fjær, bæði í vídd og sjónarhorni. Sum augnablik gæti verið æskilegt að upplifa oft en önnur og skynjunin breytist við endurtekninguna. Þessi myndlíking um tímann tengist síðan mörgum öðrum stærri hugmyndum um það hvernig við sjáum líf okkar, vistkerfið og okkar eigin stað í heiminum, og hvernig við erum á hverju augnabliki tengd bæði fortíð og framtíð, ekki bara á okkar eigin ævi heldur gegnum kynslóðirnar og enn lengra. Eins og með alla

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti AIÖN hérlendis 21. október 2021 undir stjórn Önnu-Mariu Helsing. Hljóðritun sveitarinnar á símfóníunni kom út hjá Sono Luminus útgáfunni í vor og þar stjórnar Eva Ollikainen flutningnum.

mína tónlist, þá er innblásturinn ekki eitthvað sem ég er að reyna að lýsa með tónlistinni sjálfri eða það sem verkið er um. Kveikjan er leið til þess að kafa inn í kjarna og orku þeirrar tónlistar sem ég er að búa til á hverjum tíma, til að vinna með efniviðinn, formið og stemninguna. Hún skiptir miklu máli í því hvernig verkið verður upprunalega til en á endanum stendur tónlistin algjörlega á eigin fótum og talar fyrir sig sjálf.“

Í veröld verksins eru í aðalatriðum þrjár víddir: Liggjandi hljómar sem haldið er lengi og orka kannski á áheyrandann eins og súlur sem halda byggingunni uppi. Hægfara hljómaskipti skapa innri spennu – og stundum lausn. Ofan á þessum hljómunum renna hljóðfæri sér upp og niður tónstiga en slög og plokk kynda undir óreglu: fyrirbærum sem birtast og hverfa á óreglulegan hátt. Þessi lýsing er auðvitað mikil einföldun en á að einhverju leyti við um alla þrjá þættina sem hafa þó hver sín kennileiti. Sá fyrsti (Morphosis) byrjar til dæmis og endar á eins konar þruski, í miðjuþættinum (Transcension) ber talsvert á skrapandi hljóðum á meðan taktfastar drunur bassahljóðfæra mynda hápunkt í þeim þriðja (Entropia). En hljóðheimurinn í heild opnar fyrir áheyrandanum kosmískar víddir sem er töfrandi að gefa sig á vald – og gleyma stund og stað.

Svanhildur Óskarsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Laufey Jensdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Greta Guðnadóttir
Justyna Bidler
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólóf Þorvarðsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson

Víóla

Rita Þorfiris
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Urh Mrak
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Ragnhildur Jósefsdóttir
Kristín Ýr Jónsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins
Eydís Lára Franzdóttir

Klarínett

Grímur Helgason
Birkir Örn Hafsteinsson
Rúnar Óskarsson

Fagott

Britta Cortabarría
Guðrún Erlendsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Maximilian Riefellner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfisdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður

Á döfinni

06.10 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



Archora í Hallgrímskirkju

Þessir föstudagstónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hallgrímskirkju eru helgaðir verkum Önnu Þorvaldsdóttur og haldnir í samstarfi við Hallgrímskirkju. Hljómsveitarverkið METACOSMOS hljómar auk kórsálmsins Heyr þú oss himnum á og Ad Genua við ljóð Guðrúnar Evu Mínervudóttur, fyrir sópran, kór og strengjasveit. Bryndís Guðjónsdóttir sópransöngkona syngur ásamt Kór Hallgrímskirkju en stjórnandi hans er Steinar Logi Helgason. Að lokum verður hljómsveitarverk Önnu, ARCHORA, flutt undir stjórn Evu Ollikainen. Verkið var flutt í orgellausri útgáfu í Eldborg haustið 2022 en að þessu sinni fær hið glæsilega Klais-orgel Hallgrímskirkju að njóta sín. Þess má svo geta að nýtt hljómsveitarverk eftir Önnu, METAXIS, verður frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð í Reykjavík í maí 2024. Alrými sjálfrar Hörpu er í burðarhlutverki, en tónskáldið lýsir verkinu sem innsetningu fyrir tvístraða hljómsveit, rafhljóð og rými.

12.10 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Eldbjörg og Tortelier

Yan Pascal Tortelier var aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2016–2019 og snýr nú aftur með spennandi efniskrá í farteskinu þar sem tilfinningaþrungin og glæsileg tónlist frá Frakklandi og Finnlandi er í aðalhlutverki. Einleikari á tónleikunum er hin unga, norska fiðlustjarna Eldbjörg Hemsing sem á undanförunum árum hefur haslað sér völl sem einn kraftmesti fiðluleikari sinnar kynslóðar í Evrópu. Hún leikur hér hinn ægifagra fiðlukonsert Sibeliusar, ástaróð tónskáldsins til hljóðfærisins þar sem hugmyndaflug og einstakt tónmál hans nýtur sín til fulls. Tónleikarnir hefjast á hrifandi en sjaldheyrðum forleik franska tónskáldsins Gabriels Fauré að óperunni Pénélope frá 1913, sem samin var upp úr efni Ódysseis-kviðu. Eftir hlé verður frumflutt verk eftir Yan Pascal Tortelier sjálfan, fyrir einleiksfiðlu og hljómsveit en svo hljómar hin stórbrotna Sinfónía í B-dúr eftir Ernest Chausson en verk hans búa jafnan yfir bæði dramatískri stærð og ljóðrænni fágun.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



ARCHORA / AIÖN

Ný útgáfa á verkum Önnu Þorvaldsdóttur í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, ARCHORA / AIÖN, fær frábæra dóma í heimspressunni. New York Times velur diskinn í hóp með 5 áhugaverðum klassískum plötum sem nú er vert að hlusta á.

Gagnrýnendur hrífast af stórkostlegum frumkröftum í tónlist Önnu þar sem slípaðir tónar takast á og faðmast í flóknum leik ljóss og skugga.



BBC Music Magazine

SINFONIA.IS